

Vegna 269. Máls , þingskjals 371
148. Löggjafabingi 2017-2018

15.5.2018

Umsögn frá Hvítasunnukirkjunni Filadelfíu

Frumvarpið snýr að trúfélögum, stundum má fjalla um trúfélög eins og þau séu andlitslaus samtök, jafnvel erlend öfl, sem snúist um einhverja sérhagsmuni takmarkaðs hóps. En það eru þau alls ekki.

Trúfélög samanstanda af venjulegum Íslendingum, borgurum og skattgreiðendum og eiga það sameiginlegt að vinna að betrun meðlima sinna. Það sem meira er, þau inna af hendi mikla samfélagslega þjónustu sem margir nytu ekki annars, oft ef ekki alltaf, er þjónusta veitt óháð trúfélagsaðild.

Í trúfélögum er tekið utan um fjölskyldur í vanda, þar er boðið upp á hjúskaparráðgjöf, þar er barna- og unglingastarf. Á vettvangi trúfélaga eru oft tækifæri til tónlistarnáms og þess að læra að tjá sig opinberlega, reglan er að slíkt sé án endurgjalds. Mörg trúfélög taka vel utan um innflytjendur, bjóða upp á frítt íslenskunám, aðstoða við húsnæðisleit, atvinnuleit, aðstoða við samskipti við stjórnvöld og svo framvegis. Dýrmætast af öllu er líklega að trúfélög bjóða innflytjendum upp á vettvang til að mynda mikilvægt tengslanet og oft tengjast íslensku þjóðfélagi betur en ella. Þá er ónefnd umhyggja og þjónusta trúfélaga við heimilislaust fólk, matargjafir og í sumum tilfellum húsaskjól.

Trúfélög eru grasrótarsamtök sem sinna samfélagslegri þjónustu af hugsjón, oft á hátt sem hið opinbera einfaldlega getur ekki.

Lífsskoðanir eru ekki minna mikilvægar en stjórnámálaskoðanir. Það þykir eðlilegt að stjórnámálaflokkar á þingi fái styrki til að viðhalda starfsemi sinni, enda er grasrótastarf stjórnámálaflokka mikilvægt lýðræðinu. Starfsemi trúfélaga er alls ekki minna mikilvæg lýðræðinu. Fólk er ekki sammála um stjórnámálaskoðanir og oft skapast heitar stjórnámálaumræður. Það eru þó ekki rök fyrir því að hætta stjórnámálaegri umræðu eða fella niður styrki til stjórnámálaflokka.

Nauðsynlegt er að halda því til haga í þessari umræðu að rekstur margra ef ekki flestra trúfélaga utan þjóðkirkjunnar er ríki og sveitarfélögum að kostnaðarlausu og kemur úr vasa safnaðarmeðlima sem hafa hugsjón og eru á sama tíma skattgreiðendur þessa lands. Brottfall lagaákvæðisins er því fjárhagslega íþyngjandi fyrir fjölda manns. Það virðist hafa gleymst að stjórnvöld eiga að þjóna íbúum landsins í stað þess að krefjast hollustu íbúanna og þjóna sjálfum sér.

Ein rökin sem nefnd eru í greinargerð frumvarpsins eru þau að þegar lögin voru sett hafi trúarlíf verið einsleitara og meiri sátt hafi ríkt um það. Trúarlíf hefur sannarlega breyst en er enn mikilvægur þáttur í þjóðlífi Íslendinga. Því ætti í raun að fagna því að á Íslandi fái öll trúfélög sömu meðferð og séu metin jafnt hvað þetta varðar með umburðarlyndi. Ef horft er til samfélaga

innflytjenda sem koma hingað með aðra menningu og oft önnur trúarbrögð er óljóst hvort þau t.d. gætu komið sér upp samkomuhúsum ef þessa lagaákvæðis nyti ekki við.

Ekki hefur orðið vart við að trúfélög séu að mótmæla því að önnur trúfélög fái lóðum úthlutað. Þeir sem helst hafa kvartað undan þessum lögum tilheyra ekki trúfélagi eða hafa þá lífsskoðun að trú, önnur en veraldlegur hUMANISMI, eigi ekki heima í hinu opinbera rými. Brottfall þessa ákvæðis mun ekki hafa áhrif á hatursfull viðhorf í garð trúarbragða. Heilbrigð viðbrögð við hatursfullum viðhorfum er ekki að hætta samtalinu eða einfaldlega fjarlægja umræðuefnið, eins og frumvarpið gerir. Heldur á að mæta fordómum og hatri með upplýstum, umburðarlyndum og vel rökstuddum viðhorfum. Frumvarpið er því ákveðin uppgjöf fyrir þessum hatursfullu viðbrögðum. Það er áhyggjuefni að lesa tóninn gagnvart trúfélögum í greinargerðinni þar sem þau eru talin umdeild, valda deilum í opinberri umræðu og samkvæmt henni er mjög viðkvæmt að þau hafi ólíkar trúarskoðanir.

Lóðir eru vissulega dýrmæt auðlind eins og nefnt er í greinargerðinni, en skortur á landrými er ekki vandamál á Íslandi. Lögin krefjast þess ekki að lóðir sem úthlutað sé verði að vera miðsvæðis og reyndar má benda á dæmi þess að trúfélög hafi fengið lóðir sem voru í jaðri byggðar, en síðan hafi byggst í kringum þann stað.

Öll samfélög byggjast á lífsskoðunum og í öllum samfélögum á öllum tímum hefur verið gerjun hvað varðar trú- og lífskoðanir. Það má því segja að trú- og lífskoðanir séu samofnar allri menningu, sögu og þjóðfélagslífi. Trú- og lífsskoðanir eru það sem liggur til grundvallar gildum, samfélagssýn og jafnvel pólitískum skoðunum.

Þeir sem eru hlynttir því að búa í opnu og fjölbreyttu samfélagi ættu að fagna sýnileika trúfélaga, enda endurspeglar þau það sem meðlimum þeirra er dýrmætast. Rödd trúfélaga er mjög mikilvæg í samtali samfélagsins um gildi, stefnu og siðferði samtímans. Ef upp spretta hatursfullar raddir vegna fordóma gegn vissum trúfélögum er svarið ekki það að trúfélög verði að hverfa úr umræðunni.

Framkvæmd þessara laga hefur verið góð og endurspeglar og viðurkennt fölbreytileika trúarlífs Íslendinga. Því er hér með skorað á Alþingi að hrófla ekki við lagaákvæðinu og núverandi framkvæmd og láta alla söfnuði njóta jafnræðis.

F.h. Hvítasunnukirkjunnar Fíladelfíu
Helgi Guðnason